

67. kirkjuþing 2025-2026

21. mál - þskj. 21a

T I L L A G A
til þingsályktunar um mat á verkferlum, innri endurskoðun
og innra eftirliti Þjóðkirkjunnar.

Flm. Guðni Már Harðarson.

Kirkjuþing samþykkir að fela stjórn Þjóðkirkjunnar að fá endurskoðunarfyrirtæki til að gera mat á verkferlum, innri endurskoðun og innra eftirliti Þjóðkirkjunnar. Í vinnunni verða skoðaðir stjórnarhættir, fjárhagsleg upplýsingagjöf, aðgreining starfa á fjármálasviði, hvort þörf sé á kjörnum skoðunarmönnum reikninga og reglum um hvenær rétt sé að leita tilboða og gera útboð vegna aðkeyprar þjónustu.

Greinargerð

Öflugt innra eftirlit er ein af forsendum árangursríkrar stjórnunar, því er mikilvægt að virði innra eftirlits fyrir Þjóðkirkjuna sé hluti af menningu, siðareglum og stjórnarháttum hennar. Margt hefur breyst í skipulagi og sjálfstæði Þjóðkirkjunnar á undanförunum árum. Þegar miklar breytingar verða í rekstri stofnana eða félagasamtaka er rétt að gera úttekt á innra eftirliti og fela óháðum sérfræðingum að fara yfir ferla og verklag, staðfesta það sem vel er gert og koma með tillögur til úrbóta ef einhvers staðar er þörf til þeirra. Stjórn Þjóðkirkjunnar hefur sett slíkt ferli í gang og leitað til sérfræðinga KPMG um vinnuna. Flutningsmaður fagnar því og telur rétt að taka málið upp á kirkjuþingi til umræðu og veita formlegt umboð til vinnunar.

Gert er ráð fyrir að úttektin kosti á 2,7 – 3 milljónir króna (og hefur þegar verið gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.)